

SANDKORN



LITID SÆTT
JOLABLAÐ

Skólablað nemenda Grunnskóla Sandgerðis jólin
2001

Halló, halló!

Eru ekki allir í stuði?! Við ákváðum að skipta ritsjórastarfinu með okkur og því skrifa þennan pistil saman. En hvað um það? Það er ekki eins og það skipti einhverju máli.

Við í blaðanefnd höfum ákveðið að hafa jólablaðið okkar lítið og nett en hafa svo árshátíðarblaðið stórt og mikið blað.

Þá vonumst við til að fá meira af efni frá eldri nemendum skólans en nánast allt efni sem kom í jólablaðið kom frá nemendum í 5.-7.bekk, fyrir

utan allt það sem blaðanefndin sá um að gera. Við höfum fengið þær ábendingar um að ef við

hefðum haft kassa þá hefðu margir sent undir nafnleynd. Nóg um það því að senn koma jólin og

við nemendurnir ætlum að skemmta okkur ásamt kennurunum okkar á jólaskemmtuninni. Góða skemmtun í kvöld!!!!

Veigar og Sigurpáll

P.S.

Vegna þess hve blaðið er lítið og nett datt okkur í hug að enginn hefði áhuga á að kaupa það þannig að við ákváðum að GEFA ykkur það!!!



SANDKORN



Desember 2001

Sandkorn

Lítið sætt jólablað

Unnið af blaðanefnd

Blaðanefnd:

Sigurpáll Árnason

Halldór Berg Harðarson

Veigar Þór Gissurason

Fríða Dís Guðmundsdóttir

Auður Björk Kristinsdóttir

Sveinbjörg Anna Karlsd.

Sólrún Mary Gunnlaugsd.

Sigurður Jónsson

Ásdís Elvarsdóttir

Forsíða:

Halldór Berg Harðarson

Kennaraviðtal ; Loksins, loksins, í fyrsta skifti í 20 ár

Nafn: Þórunn Björk Tryggvadóttir

Fæðingardagur/ár: 20. des. 1951

Bíll: Toyota Corolla

Draumahús: Villa á Spáni

Draumabíll: Lamorgini gulur

Hver er þinn uppáhalds.....

sjónvarpsþáttur: Foren bic detectiv á Discovery

Matur: Kalkúnn!

Leikkona/leikari: Whoopy Goldberg, Veigar

Lag: If you leave me now með Chicago

Hljómsveit: Queen

Íþrótt: Fótbolti

Hvernig finnst þér nemendurnir í Sandgerði: Frábærir!!

Hvaða bekkur er skemmtilegastur: 8. bekkur

Hræðilegasta tilhugsun: Að eitthvað komi fyrir fjölskylduna

Ef þú værir ekki kennari hvað þá: Auðvitað leikari

Hvernig heldur þú jólin: Bara hefðbundin

Hvað langar þig í jólagjöf: Alveg sama, bara eitthvað ódýrt

Ertu bjartsýn um að þú fái það sem þú vilt: Já mjög svo

Mottó: Segðu ekki allt sem þú hugsar, en hugsaðu allt sem þú segir.

Viltu segja eitthvað að lokum: Nei!!!

Ljóð

Afi fór að veiða í gær,
Hann veiddi tólf fiska.
Amma gamla hlær og hlær,
Og vaskar sína diska.

Köttur, hundur, hrekkjusvín,
Fóru öll í sund.
Þá kom Ósk með börnin sín,
Og risastóran hund.

Höf: 2.ESP
og 2.HV

Dr. Ásgeir Viðmundarson sálfræðingur hjá heilsugæslu Suðurnesja svarar fyrirspurnum nemenda undir dulnefni. Hann kallar sig Dr. Sáli.

Kæri Dr. Sáli

Ég er stelpa í 9. bekk. Það er farið að valda mér töluverðum áhyggjum hversu mikið krakkarnir í bekknum stríða mér. Það dynur stöðugt á mér allskonar viðurnefni en langoftast er ég þó kölluð "Freak" eða þá viðundur. Það er sama hvað ég geri það er alltaf undantekningarlaust notað gegn mér, allt sem ég geri er skrytið að sögn. Fyrst reyndi ég að hundska þetta og taldi mér trú um að þetta væri bara vitleysa en núna undanfarið hefur mér farið að líða mjög illa, ég er fain að trúa því að þetta sé satt. Mamma er farin að fá áhyggjur síðan ég harðneitaði í síðustu viku að mæta í skólann. Hún skilur hvað er að ske enda vil ég ekki segja henni frá þessu. En ég fór að gráta og mamma fór að tala um að senda mig til sálfræðings. Þá reiddist ég og sagðist aldrei nokkurn tímann fara til einhvers sálfræðings. En núna er ég ráðvillt og veit ekki hvað ég á að gera. Plís hjálaðu mér, mér líður virkilega illa.

Mrs. Freak

Kæra mrs. Freak

Í fyrsta lagi þá líst mér ekki á að þú skulir kalla sjálfa þig Mrs. Freak, það er algjör óþarfi að líta svona niður á sjálfan sig og bendir til að þú hafi mjög lítið sjálfsálit. Það er alls ekki gott að þér skuli vera svona mikið strítt í skólanum, þetta er bara hreint og beint einelti. Mundu bara að hversu mikið sem þér er strítt þá er þetta alls ekki satt. Allir eru mismunandi, það hafa allir sína kosti og galla, ef einhver er tekinn fyrir þá er það bara vegna þess að aðrir eru eitthvað óörruggir og sækja sér styrk í það að níðast á einhverjum sem verður minnimáttar gagnvart hópnum. Þú verður að vera sterk og standast þetta umrót, það er best að láta fullnægja fólki ekki í þessum efnum, því þá hlýtur það að þreytast á slíku og hætta. Annars á svona lagað aldrei að líðast þú ættir að tala við mömmu þína, þú verður að skilja að henni þykir vænt um þig og ber hagsmuni þína fyrir brjósti.

Dr. Sáli

Hæ sáli, wass up

Hér átti að koma bréf frá einu nemanda í 10.bekk en vegna þess hversu gróft það er þá fékk það ekki birtingu. En kæri Sérđna, þú fær samt svar.

Sérđna

Kæri Sérđna

þú ert ógeð!

Dr. Sáli

Kæri Dr.Sáli

Ég er "ofurbrein" í 8. bekk. Ég fann ekki sjálfur upp á þessu nafni en ég er alltaf kallaður þetta. Núna undanfarið hef ég mjög mikið verið að stúdera mannkynssöguna, sjórn málafræði, félagsfræði og heimspeki. Því meira sem ég veit því þunglyndari verð ég gagnvart stöðu minni í alheiminum. Ég finn svo hrikalega til smæðar minnar, og tilgangssleysi og ég sé ekki fram á annað en að við séum öll á hraðleið til glötunar. Ég trúi ekki á guð og ég held að ég ætli ekki að fremast í vor. Á tímabili var ég í alvarlegum sjálfsmorðhugleiðingum. Þrátt fyrir allt þetta þá er ég samt hræddur við dauðann. Ég er stöðugt þunglyndur og sé ekki tilgang í neinu. Getur þú vinsamlegast hjálpað mér.

Paranoid Android

Kæri Paranoid Android

Þetta er alls ekki gott. Það er í rauninni lítið sem ég get gert en ég mæli með því að þú talir við annað fólk, rökræðir um landsins gagn og nauðsynjar, þ.e. fáir aðrar skoðanir í hugarheim þinn, ferska vinda. Reyndu að rifja upp þær minningar sem vekja upp gleðilegar hugsanir í huga þínum, t.d. ferðalög með fjölskyldunni, jólin þegar þú varst átta ára og fleira í þeim dúr. Einhvern tíma sem þú varst ánægður og engar svona hugleiðingar höfðu ástæðu til að ásækja þig. Eins og vitur maður eitt sinn sagði var: Á meðan engin betri lausn finnst, þá er ágætasti tilgangur lífsins sá að gleyma tilgangssleysi hans.

Dr. Sáli

Dýragarður

Einu sinni fór ég til Englands og þá leigðum við sumarhús og það var stór gluggi hjá okkur og einn daginn kom íkorni og bankaði hjá okkur mér fannst það gaman. Svo fór ég líka í dýragarð, þá sá ég fullt af öpum, ljón og gíraffa og fullt af dýrum. Það var mjög gaman. Þá sá ég mörg, mörg dýr sem ég hef aldrei áður séð.

Svo hef ég líka farið í marga dýragarða t.d á Íslandi í Reykjavík. Ég hef farið í margt annað, annars staðar og ég hef séð mörg dýr, allskonar dýr. Það var bara mjög gaman að sjá þessi dýr.

Sindri 4 U.G.K

Ljóð

Ég er veikur !

Ég er veikur,
Í kringum mig er svartur reykur.
Ég hósta og hósta,
Því það er ekkert að kosta.
Ég vona að ég ekki dey,
En ef svo skeður
Fæ ég að hitta hana Maríu mey.

Linda Stefanía 8.P.B.T.

Blómið

Eitt sætt blóm,
liggur undir skóm.
Vonandi er það ekki dautt,
það er alveg voða blautt.
Vonandi fær það að lifa lengur,
svo það verði fallegra.

Höf: Hrefna Kristinsd. 8 P.B.T

Lítið skrýtið.

Einu sinni var lítil skrýtin eyja sem nefndist Ísland. Á þessari litlu skrýtnu eyju var lítill skrýtinn bær sem nefndist Sandgerði. Í þessum litla skrýtna bæ er lítið skrýtið hús. Í þessu litla skrýtna húsi var lítið skrýtið fólk sem nefndist Sandgerðingar. Þessir litlu skrýtnu Sandgerðingar keyra litla skrýtna bíla. Litlu skrýtnu Sandgerðingarnir unnu í litlum skrýtum vinnum. Litlu skrýtnu krakkarnir fóru í lítinn skrýtinn skóla.

Ein úr 7.B.J.S

Litla stelpa

Ein lítil stelpa,
með bláu augun skær.
Brosir út að eyrum,
þegar hún hlær.
Húner mjög klár,
með ljóst hár.
Munnurinn er lítill
og líkami hennar smár

Höf: Hrefna Kristinsd. 8 Þ.B.T

Görn í Óla !!!

Görn í Óla
Fór að hjóla,
Út í móa
Og fór að spóla,
Fram til jóla,
Þá fór að snjóa
Snjóa,snjóa og snjóa,
Fór þá Óli að drekka Cola

Sandgerðisskólískt þjóðlag

Nemendaviðtal

Nafn: Ásta Rós Reynisdóttir

Fæðingardagur/ár: 21 ágúst 1986

Upáhalds matur: Nautakjöt í bernaissósu

Uppáhalds drykkur: Vatn

Uppáhalds fötin: Náttfötin mín

Uppáhalds Sjónvrparspáttur/pættir: Nágrannar og Leiðarljós

Draumaprins/essa: Jossh Hartnett (Danny í Pearl Harbour)

Hljómsveit/söngvari: Ég fíla alla tónlist

Hvað sendurðu að meðaltali mörg SMS dag eða talar

lengi í símann: Ég sendi svona um 20 SMS á dag og tala svona í 2-3 klukkutíma.

Áttu síma: Ó já, hvað gerði ég án hans?

Hvað er er furðulegast sem hefur hent þig: Ætli það

hafi ekki verið þegar ég stalst á hestbak einu sinni og hann

prjónaði með afturfótunum og fleygðimér af baki og ég lenti oní

hestaskít.

það var doltið furðulegt !!!

Besti vinur/ vinir: Fríða Dís og Margrét.

Hvaða tilfinning kemur þér fyrst í hug þegar þú vaknar

á morgnanna: Ég vona alltaf að ég sé veik svo ég geti farið aftur að sofa.

Áhugamál: SÍMINN MINN !!!, skemmtanir og vinir

Hvað villtu fá í jólagjöf: Nýjan síma !!!

Ertu bjartsýn/n að þú fáir það sem þú villt í jólagjöf: Mmm.....

ég er

ekki viss

Vont veður hræðilegt eða spennandi: Það er dálítið spennandi

er það ekki ??

Mottó: Brostu það er eina gjöfin sem kostar ekkert og

sem skaðar aldrei mótakanda

Lokaorð: Hafið það sem best um jólin og áramótin

GLEÐILEG JÓL

Bræðurnir fjórir

Einu sinni voru 4 bræður sem bjuggu hjá móður sinni. Dag einn bað móðir þeirra þá að fara út í skóg og sækja eldivið.

Bræðurnir löbbuðu nú út í skóg, þeir gengu og gengu þangað til að þeir rákust á höll, stóra höll. Bræðurnir örkuðu nú inn og kölluðu "halló, er einhver heima". Þá heyrðist drungalegt hljóð og kom þar á móti þeim galdrakarlar. Bræðurnir spurðu hvort hann gæti vísað þeim út í skóg, þá sagði galdrakarlinn "og af hverju ætti ég að gera það?" og hló illilega. Við það urðu bræðurnir hræddir og spurðu galdrakarlinn hvort hann gæti vísað þeim leiðina heim. Þá svaraði galdrakarlinn þeim "ne-hei, þið eigið að fara í álög". Þá spurðu bræðurnir hvernig álög það væru, "sá fyrsti á að heita Raggi og hann verður að randaflugu og verður kallaður Raggi randafluga, annar á að heita Tísti og verður hann að litlum fugli, sá þriðji á að heita Kalli og verður hann að kanínu og sá fjórði verður Haukur og verður hann að hana" sagði galdrakarlinn. Galdrakarlinn tók aftur til máls og sagði "ef þið viljið losna úr álögnum verðið þið að læra að elska konu af ykkar kyni. Þið fáið aðeins 16 mánuði og ef þið verðið ekki búnir að finna konu og eignast afkvæmi með henni verðið þið svona að eilífu".

Raggi randafluga hélt í vestur, Tísti flaug í suður, Kalli fór í austur og að lokum fór Haukur hani í norður. Mánuðirnir liðu og á fimmta mánuðinum voru bræðurnir ekki ennþá búnir að finna konu. Raggi fann sér konu í þeim mánuði, Tísti fann sér konu í sjötta mánuðinum, í þeim sjöunda fann Kalli konu og loks í áttunda mánuðinum fann Haukur sér konu.

Dag einn fór Raggi út til að finna fæðu, hann fór sína leið þangað til að hann rakst á bræður sína. Þeir spurðu hvor annan hvort þeir væru búnir að finna konu og voru þeir allir búnir að finna sér konu. Þeir gengu síðan saman að leita að mat og þegar komið var kvöld fóru þá þeir allir í sína áttina á leið heim.

Næsta dag eignaðist kona Ragga litla og sæta Býflugu, svo fór að líða á veturinn og þau flugu saman til Edinborgar. Þar var sól og heitt úti en á meðan þau voru þar voru Kalli og Haukur að frjóska heima. Raggi og konan hans skírðu litlu býfluguna Mæju. Kalli og konan hans eignuðust lítinn strák sem þau skírðu Halla. Tísti og konan hans eignuðust litla stelpu sem þau skírðu Rán. Haukur og konan hans eignuðust lítinn strák sem þau skírðu Hannes.

Mánuðirnir liðu og loksins kom 16 mánuðurinn, mánuðurinn leið og loks kom galdrakarlinn til að leysa þá úr álögnum, en þá sögðust bræðurnir ekki vilja breyta sér aftur. Þá sagði galdrakarlinn "Ég get að vísu breytt konunum og börnunum líka í mannfólk". Og Galdrakarlinn breytti þeim öllum í mannfólk.

Að því loknu spurðu þau galdrakarlinn hvort hann gæti vísað þeim út í skóg til að sækja eldivið. Þegar þau voru búnir að sækja eldivið báðu þau galdrakarlinn að vísa sér leiðina heim. Hann gerði það og þegar þeir komu heim sagði móðir þeirra þeim að hún hefði haldið að hún hefði ekki átt von á að sjá þá framar. Hún varð líka frekar hissa þegar þeir komu með konur og börn heim. Þá sagði móðir þeirra að þau þyrftu að byggja stærra hús og allir hjálpuðust að við að stækka húsið.

Þegar lokið hafði verið við húsið fékk hver og einn sitt eigið herbergi. Þá þurfti að Smíða ný húsgögn og rúm. Móðir bræðranna fór að sauma föt á mannskapinn. Móðirinn fór svo að elda bjúgur, því næst fóru þau að sofa. Næsta dag fóru þau til bæjarins og keyptu beljur, kindur, hesta og hænur. Er þau komu heim byggðu bræðurnir fjós, hænsnahús og hesthús. Á meðan fóru hin að girða lóð. Hestarnir voru síðan sendir inn í hesthús, beljurnar inn í fjós og hanar og hænur í hænsnakofann.

Svo kom að því að karlarnir báðu konurnar um að giftast sér og þær svöruðu auðvitað játandi. Strákarnir urðu hringberar og og stúlkurnar brúðarmeyjar. Þegar þau höfðu gift sig eignuðust þau nýtt hús og fleiri krakka og var þetta allt þessum galdrakarli að þakka.

Dag einn fóru bræðurnir út í skóg til að sækja eldivið en þá gerðist svolítið skrítið. Þegar þeir voru búnir að ganga smá þá rákust þeir á stóra höll þá segir sá fyrsti: "Getur þetta ekki verið höllin sem galdrakarlinn bjó í?" Svo fóru þeir inn og kölluðu: "Herra galdrakarlar, ertu heima?" Hann var heima. Þeir spurðu hann hvort hann væri ekki galdrakarlinn sem setti þá í álög, hann svaraði því játandi. Hann bauð bræðrunum síðan upp á kaffi og þeir páðu það. Svo buðu þeir honum að búa hjá sér og hann páði það og allir lifðu hamingjusamir að eilífu.

Ástrós Lind 5. VA

Frakkinn, Jacques LeFevrier tók enga áhættu þegar hann ákvað að binda enda á líf sitt. Hann stóð upp á háum kletti við ströndina og batt lykkju um hálsinn á sér. Hinn endann festi hann við stóran stein. Hann drakk eitur og kveikti í fötunum sínum. Hann reyndi einnig að skjóta sjálfan sig á síðustu mínútnni. Hann stökk og skaut af byssunni um leið. Byssukúlan fór ekki í hann heldur í gegnum reipið og sleit það í sundur. Þar með féll hann í sjóinn. Við það slokknaði eldurinn í fötunum. Hann gleypsi sjó sem olli því að hann kastaði honum upp ásamt eitrunu. Honum var bjargað úr sjónum af hjálplegum trillusjómanni sem fór með Jacques á spítala. Þar dó hannúr kulda og vosbúð.

Þetta var í lok starfsmannaviðtalsins og starfsmannastjórinn spurði unga verkfræðinginn sem var ný útskrifaður: „Hvað hafðirðu hugsað þér í byrjunarlaun?“ Ungi verkfræðingurinn svaraði: „Eitthvað í kringum 7 milljónir á ári plús einhver fríðindi.“ Starfsmannastjórinn sagði: „Ja hvað segirðu um 10 vikna frí á ári, ótakmarkaðar utanlandsferðir á ráðstefnur ásamt tvöföldum dagpeningum og ókeypis fyrirtækisbíl – t.d. eldrauða Corvettu?“ Ungi verkfræðingurinn spratt upp og sagði: „Vá! Ertu að grínast?“ Starfsmannastjórinn sagði: „Já, en þú byrjaðir.“

Ljóskan tók þátt í bringusundskeppni yfir Ermasundið ásamt rauðhærðri konu og brúnhærðri konu. Keppnin fór á þá leið að sú brúnhærða vann og sú rauðhærða varð önnur. Loksins komst ljóskan í land alveg uppgefin. Eftir að hafa fengið teppi utan um sig og heitt kaffi gat ljóskan loksins stunið upp úr sér: „Mig langar ekki beint til að kvarta en ég held að hinar hafi notað hendurnar.“

Af hverju setti ljóskan puttann á naglann þegar hún var að hamra? Hún fékk svo hræðilegan höfuðverk af hávaðanum.

Hvað gerirðu þegar ljóskan hendir pinna í þig? Hleipur langt í burtu....hún er með handsprengju í munninum.

Af hverju er ljóskan með blöðrur á vörunum? Hún blæs á peruna til að slökkva ljósið

Af hverju geymir ljóskan alltaf stálherðatré í aftursætinu? Til öryggis ef hún skyldi læsa lyklanna inni í bílanum.

Kennaraviðtal

Nafn: Skúli Pétursson

Fæðingadagur/ár: 19.febrúar 1961

Bíll: Subaru Legazi 93

Draumahús: Heiðarbraut 12

Draumabíll: Land Cruiser á 38 tommu dekkjum

Hver er þinn uppáhalds.....

Sjónvarpsþáttur: Fréttirnar

Matur: Villibráð

Leikkona/leikari: Ingvar Sigurðsson, fram að jólaskekkjunni

Lag: Hægi kaflinn í píanókonsernt 21 eftir Mozart

Hljómsveit: Pink Floyd

Íþrótt: Golf

Hvernig finnst þér nemendurnir í Sandgerði: Koma á óvart, það er töluvert vit í þeim

Hvaða bekkur er skemmtilegastur: Sá bekkur sem ég kenni hvert sinn

Hræðilegasta tilhugsun: Að verða blindur

Ef þú værir ekki kennari hvað þá: Þá væri ég sennilega líffræðingur

Hvernig heldur þú jólin: Með stæl

Hvað langar þig í, í jólagjöf: GPS-tæki

Ertu bjartsýnn um að þú fái það sem þú villt: Þokkalega, já

Mottó: Þú veiðir aldrei nóg

Villtu segja eitthvað að lokum: Nei

Ég á litla krús,

Í henni er lítil mús.

Hún heitir Svenni,

Og er eins og penni.

Höf.

Sindri Jóhannsson 4 U.G.K.

Þumalína Carmen Cörudóttir

Fædd 25.júlí 2001

Látin 2.nóv 2001

Vinsamlega sýnið þumalínu þá virðingu að staldra við og lesa þetta.
Hún á það skilið.

Hún fæddist aðfaranótt miðvikudagsins 25.júlí á milli klukkan 3 og 6. Hún átti fjóra bræður en þeir voru ekki nærri eins sprækir og gæfir og hún. Fyrstu vikuna gerði hún ekkert annað en að kúra hjá mömmu sinni, Cöru Miu Dúlludóttur. En strax og hún fór að sjá og stíga í lappirnar var hún vappandi um allt með trýnið niðri í öllu. Á meðan hún var á ævintýraferð um herbergið lágu bræður hennar og sváfu hjá mömmu sinni. Mér fannst hún einstök og algjör eftirmynd mömmu sinnar nema aðeins hændari fólki. Hún var hjá okkur til 3.mánaða aldurs þegar allir hinir kettirnir voru farnir. Hún var hluti af fjölskyldunni. Ég gaf vini mínum hana í þeirri trú að hún gæti lifað góðu lífi hjá þeim og allt virtist líka í lagi. Allir elskuðu köttinn nema Beta mamma vinar míns. Þá lét hún fara með hana út í bílskúr og skjóta hana. Þegar ég komst að því fór ég að tala við Betu, hún reif bara kjaft og sagði „Þetta var bara köttur“. En þetta var ekki bara köttur, þetta var systir mín. Varið ykkur á Betu, hún hefur gert þetta áður og mun gera það aftur.

Takk fyrir

Elsa Kristjánsdóttir 9.ESG

Nemendaskop

Ari: Andrés ég elska þig!!!

Halldór: Haltu KJAFTI Ragga, þú ert ekki fyndin!!!

Hannes: Passið ykkur, ég kann TAE KWON DO!!!

Helgi Þór: Hey....vó....passið hárgreiðsluna mína.

Gísli: Gaui, hvar ertu?!

Andrés M: Þessi helvítis Dracula ritgerð er að gera mig geðveikari.

Sigmar: Getur einhver sagt mér í hvaða liði Ruud Van Nistelrooy.

Svenni: Ég er svo klár og með svo flott hár.

Aron V: Hva, tala ég svona og frussa ég??

Ljóð úr 9. bekk.

Gleðin!

Gleðin er líkt og óstöðvandi börn,
hoppandi um allt,
hlaupandi um allt.
En að lokum verða þau þreytt
Og leggjast útaf,
En þau vakna alltaf upp aftur.
María Rán.

Hún Margrét!
heitir Margrét
og er mergjaðslega flott.
Hún er fullkomin.
Fríða Dís.

Ást!
Ást er eins og eldur.
Hjá sumum slökknar hann
en hjá sumum logar hann.
Að eilífu.
Nensý.

Úr suð-vestri!
Verið viðbúnir,
þeir koma úr suð-vestri.
Þeir eru sextán,
og með byssur,
stórar byssur og tanka.
Ég skýt þá niður.
Stefán Valur.

Brandarasaga !!!

Einu sinni var maður sem tók leigubíl inn í bæ og sagði stopp og hljóp út úr bílnum og hljóp upp í tré og kastaði bönunum í fólk. Þá komu slökkviliðsmennirnir og tóku hann úr trénu svo þurfti hann að borga leigubílinn og slökkviliðsmönnum fyrir að ná honum úr trénu.

Magnús Örn. 5.bekk.

Nemendaviðtal

Nafn: Hrefna Kristinsdóttir

Fæðingadagur: 4.maí 1988

Uppáhaldsmatur: Hamborgari

Uppáhaldsdrykkur: Fanta

Uppáhaldsleikari: Pierce Brostman

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Leiðarljós

Draumabíll: Sítron bjalla

Hvað sendirðu mörg sms á meðaltali á dag eða talar lengi í

símann: 2-3 sms og tala 10-20 mín

Draumaprins/essa: ef ekki hugmynd

Uppáhaldssöngvari/hljómsveit:Leann Rimes

Áttu síma: Já

Hvað er það furðulegasta sem hefur hent þig: Ekkert

Áhugamál: Fótbolti, körfubolti og félagsmál

Hvað viltu í jólagjöf: Föt og geisladiska

Ertu bjartsýn um að þú fáir þetta í jólagjöf: Nei

Vontveður spennandi/hræðilegt: Spennandi

Besti vinur: Steinun Ýr

Hvaða tilfinning kemur fyrst upp þegar þú vaknar á

morgnanna: Ohh helvídisskóli

Lokaorð: Hafið það gott um jólin

Ferðalag!

Um verslunarmannahelgina fór ég í Galtalæk og það var gaman, ég fór í veltubílinn og líka í Lukkuland svo fór ég torfæru go-kart og margt fleira. Veltubíllinn er svona sem fer í hringi og festist líka á hvolfi. Go-kart bílarnir fara ágætlega hratt og Lukkuland, það er svona að maður á að borga einn miða í hverja þraut. Maður á að kasta boltum í göt og margt fleira. Endir!!!

Hannes úr 5. bekk.

Köttur og mús!!!

Þú ert með lús,
Og risa stórt hús,
Gefðu mér knús.

Hannes úr 5. bekk.

Andri Steinn :)

Ég er Andri Steinn

og alltaf beinn
og seinn.
Samt er ég alltaf
sami Andri Steinn !!!

Kossar!!!

Ef kossar eru mjúkir-eru þeir sætir.
Ef kossar eru blautir-eru þeir ástríðufullir.
Ef kossar eru heitir-eru þeir erótískir.
En þegar þeir eru harðir, þurrir og kaldir,
er öll von úti fyrir elskendur.

Eru indæll og fögur
Eru haldin fyrir jólabörnin glöðu
Eru friðsæl og góð
Eru hátíð ljóss og friðar
Eru dagar til að hafa glens og gaman
Eru afmæli Krists
Eru besti tími ársins
Eru dagarnir sem Jesús fæddist
Eru hátíðleg
Eru friðsamleg hátíð
Eru þegar fjölskyldan skemmtir sér saman
Eru dýrmæt og falleg
Eru miklir fjölskyldudagar í hjarta okkar
Eru skemmtilegasti tími ársins í heiminum
Eru hátíð ástar og hamingju og tími skrauts.

Jólin

HÖF: 8 Þ.B.T

Kennaraskop!!!!

Beggi: Hver skeit á gólfið!!
Ágústa: Ég er leiðinnleg og ég nýt þess!
Pétur: djö....er maður orðinn góður á þetta video.
Skúli P: STÚLLKUR!!!!
Frikki: Jæja eigum við að fara að tengja klær.
Þorbjörg: ekkert einelti í þessum skóla.
Einar S.: hva eru allir hættir að læra heima.
Elín: Já einmitt, jájá.
Ragga: Mér finnst allt of mikið um homma tal hér.
Þórunn T.: Ekki hlaupa um á ganginum.
Ragnar Ö.:Hvar er metnaðurinn.
Bergný: Eigum við að koma að veiða.
Þórunn M.: Inn með tyggjóið!!!

Viðtal við jólasvein

Hvaða heitirðu: Kjartan Davíðson en sumir leiðindapúkar uppnefna mig Stekkjastaur.

Fæðingadagur/ár: Rétt fyrir jól, 1656

Hvernig er að vera jólasveinn: Veistu það..., ég held að fólk átti sig ekki á því hversu erfið vinna það er að vera jólasveinn, það er allavega mjög vanmetið starf. Ég hef fengið það stundum framan í mig hversu auðvelt það hlyti að þurfa aðeins að vinna einn dag á ári. Málið er mun flóknara en svo, þið getið rétt ímyndað ykkur álagið sem liggur á mér, þetta er ekkert smá yfirgripsmikið mál. Eftir því sem ég eldist hef ég alltaf orðið meira og meira stressaður yfir þessu. Ég er sífellt tens og þetta er virkilega að fara illa með mig. Þegar ég kom hér til byggða á þriðjudaginn síðastliðinn til dæmis var það algjört pain, ég var í spreng allan tíman og hafði ekki sofið í marga daga og þáan af síður rakað mig.

Hvað gerirðu allt árið þegar ekki eru jól: Strax eftir jólatörnina sef ég í nokkrar vikur eftir strembinginn, eftir það fer ég bara svona að chilla fram í apríl, skelli mér kannski til Kanarí eða eitthvað. En svo byrja ég flýta mér. Það er neðjanjarðar geimur á leynilegum stað á hálendinu og þar eyði ég öllu sumrinu í myrkrinu og svitanum, bograndi yfir tölvunni, hangandi á interneti og hafandi samband við hin viðmikla net sambanda sem ég hef meðal mannfólksins og reyni að gera heilstæða mynd af skapgerð krakkagemlinganna og hvað þau eiga skilið, svo er það að panta, taka á móti, flokka og fínþússa, þessi vinna stendur alveg til 11. des.

Hvar eru bestu krakkarnir: Þau eru nú ósköp væn mörg hver, en mér þykir alltaf sérstaklega vænt um krakkana í Kabúl (Afghanistan), þau eru svo þakklát.

Hvað ertu cirka lengi að gefa í skóinn: Ég tek mér nægan tíma í þetta, í hvern skó og sokk eyði ég svona u.þ.b. hálf tíma, en ég á svona gismó sem hægir á tímanum, mjög handhægt.

Hvað finnst þér um að Trölli hafi stolið jólunum í Hverabæ:
Hvaða hálfviti samdi þessar spurningar?! Trölli er ekki til í alvörinni, hvaða rugludallur heldur að Trölli sé til í alvörinni.

Uppáhalds matur: Ristað brauð með smjöri og osti.

Uppáhalds skyndibitastaður: Burger King

Hver er tilgangur jólanna: Hann er þarna sá að kkk,gbfa , úps ég ýttir óvart á vitlausa takka.

Hvar býrðu: Í nýlegri íbúð í Grafarvoginum


Uppáhalds jólasveinn: Ég

Uppáhalds leikfang: Actionman úlfaveiðari

Hvernig eru mamma þín og pabbi: Þau eru fín, mamma er sko tvífráskilin en ég held að hún og Leppalúði séu bara fín saman.

Mottó: Hey krakkar, ef þið lesið þetta, haldið ykkur frá sígarettunum, ég hef verið að reyna hætta núna í næstum 200 ár og mér gengur djöfulega.

Lokaorð: Já ég vildi benda öllum ykkur áhrifagjörnu krökkum úti að láta ekki stjórnmalaflokkana plata ykkur, íhugið afstöðu ykkar vel. Sjálfur valdi ég flokk Framfarsinna.



Takk fyrir að lesa þetta indælis blað. Þið eruð öll frábær. Nema hversu léleg þið eruð að senda inn efni, eina liðið sem rokkar í þeim efnum eru litlu krakkarnir. Ef þið viljið fá skemmtilegt árshátíðarblað skulið þið vera duglegri við að senda inn efni, við vitum vel að þið eruð öll mjög hæfileikarík og þarna einhverstaðar inni í ykkur eru listrænir hæfileikar sem bara bíða eftir því að fá útrás!!! Og hvar er betra að gera það á öðrum vettvangi en ykkar eigin skólablaði!!!, því skólablaðið rokka feitt!!!!

2002

janúar

m	þ	m	f	f	l	s
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	
	13					
14	15	16	17	18	19	
	20					
21	22	23	24	25	26	
	27					
28	29	30	31			

febrúar

m	þ	m	f	f	l	s
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	
	10					
11	12	13	14	15	16	
	17					
18	19	20	21	22	23	
	24					
25	26	27	28			

mars

m	þ	m	f	f	l	s
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	
	10					
11	12	13	14	15	16	
	17					
18	19	20	21	22	23	
	24					
25	26	27	28	29	30	

apríl

m	þ	m	f	f	l	s
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	
	14					
15	16	17	18	19	20	
	21					
22	23	24	25	26	27	
	28					
29	30					

maí

m	þ	m	f	f	l	s
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
	12					
13	14	15	16	17	18	
	19					
20	21	22	23	24	25	
	26					
27	28	29	30	31		

júní

m	þ	m	f	f	l	s
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	
	16					
17	18	19	20	21	22	
	23					
24	25	26	27	28	29	
	30					

júlí

m	þ	m	f	f	l	s
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	
	14					
15	16	17	18	19	20	
	21					
22	23	24	25	26	27	
	28					
29	30	31				

ágúst

m	þ	m	f	f	l	s
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
	11					
12	13	14	15	16	17	
	18					
19	20	21	22	23	24	
	25					
26	27	28	29	30	31	

september

m	þ	m	f	f	l	s
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	
	15					
16	17	18	19	20	21	
	22					
23	24	25	26	27	28	
	29					

október

m	þ	m	f	f	l	s
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	
	13					
14	15	16	17	18	19	
	20					
21	22	23	24	25	26	
	27					
28	29	30	31			

nóvember

m	þ	m	f	f	l	s
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	
	10					
11	12	13	14	15	16	
	17					
18	19	20	21	22	23	
	24					
25	26	27	28	29	30	

desember

m	þ	m	f	f	l	s
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	
	15					
16	17	18	19	20	21	
	22					
23	24	25	26	27	28	
	29					